



HBF3B05

Námsáætlun, Haust 2023

Kennari/kennarar: Aron Tómas Haraldsson	Netfang/netföng: aron.haraldsson@borgo.is
---	---

Lýsing:

Í þessum áfanga verður fjallað almennt um geðheilbrigðismál og mikilvægi geðræktar. Þeir þættir sem ýta undir góða geðheilsu verða skoðaðir og tengdir við ýmsa aldurshópa. Tvær nokkuð nýlegar ævisögur verða teknar fyrir í áfanganum en þær fjalla einmitt um geðheilsu, kulnun, úrræði samfélagsins og geðrækt. Ýmis álitamál verða tekin fyrir í áfanganum eins og sjúkdómsvæðingar fyrirbærið, áherslan á líffræðilegar áherslur í umræðunni um geðraskanir, vangreiningar, ofgreiningar og geðlyfjanotkun Íslendinga. Farið verður ítarlega á ákveðna flokka geðraskana í flokkunarkerfinu DSM-5, ásamt því að skoða kosti og galla flokkunarkerfa. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist innsýn í aðstæður og aðbúnað geðfatlaðra. Rýnt verður í áhrif geðraskana á daglegt líf fólks og upplifun einstaklinga af meðferð og umönnun. Mismunandi samfélagsleg úrræði fyrir einstaklinga með geðraskanir verða skoðuð. Nemendur koma til með að gera eigindlega rannsókn á samfélagslegum úrræðum á Íslandi.

Þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið:***Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:***

- geðheilbrigðismálum og geðrækt.
- sjúkdómsvæðingu.
- kostum og göllum geðlyfja.
- kostum og göllum flokkunarkerfa geðraskana.
- efnamisnotkun og skaðaminnkandi leiðum.
- mismunandi samfélagslegum úrræðum.
- batamiðaðri þjónustu.
- mismunandi starfsstéttum á sviði geðfatlaðra.
- samfélagslegum úrræðum fyrir fólk með geðraskanir.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- bæta eigin geðheilsu og annarra.
- greina þá þætti sem að auka geðheilbrigði.
- beita gagnrýnni hugsun á viðfangsefni áfangans.
- greina mismunandi einkenni efnamisnotkunar og markmiðum skaðaminnkandi leiða.
- setja sig í spor fólks sem á við geðræn vandamál að stríða.
- velja viðeigandi samfélagsleg úrræði hverju sinni.
- afla sér heimilda og upplýsinga á sviði geðheilbrigðismála, greina þær og setja í fræðilegt samhengi.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta tekið þátt í rökræðum um geðheilbrigðismál og sjúkdómsvæðingu sem metið er með umræðum og hópverkefnum.
- móta eigin geðheilsu og annarra til að verða hæfari þátttakandi í nútímasamfélagi sem metið er með persónulegum verkefnum.
- greina alvarleika ólíkra fíknraskana með tilliti til áhrifa á daglegt líf sem metið er með verkefnum sem byggja á reynslusögum.
- afla upplýsinga um samfélagsleg úrræði fyrir geðfatlaða til að nota við úrlausn verkefna sem metið er með ritgerðum eða skýrslum.
- framkvæma flókna eigindlega rannsókn og gera grein fyrir helstu niðurstöðum sem metið er með skýrslu. *



Námsmat:

Umræðutímar	30%
Verkefni 1 Geðorðin og Geðræktarkassinn	10%
Verkefni 2 Geðrækt geðsjúkra	10%
Verkefni 3 Geðheilbrigði á Íslandi	10%
Verkefni 4 Tvær ævisögur – Læknisfræðilega líkanið	10%
Verkefni 5 Greiningar geðraskana	10%
Lokaverkefnið: Samfélagsleg úrræði (*)	20%
	100%

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Skyldumæting er í staðbundnar lotur og í umræðutíma á neti. Nemendur eiga að undirbúa sig fyrir flesta umræðutíma og eiga að vera með tilbúin svör við spurningum þegar þær koma fram frá kennara.

Kennari mun setja skilalink inn á INNU í sumum vikum ef nemandi vill sýna fram á það að hann sé undirbúinn fyrir tímann. Kosturinn við þetta fyrirkomulag er að það auðveldar kennara að sjá virkni nemandans og ef nemandi skyldi missa út úr tíma þá getur hann sýnt fram á það að hann hafi amk svarað spurningunum. Svör við spurningum koma samt ekki í staðin fyrir mætingu í umræðurnar. Það er **ekki er hægt að skila inn svörum eftir umræðutíma.**

Lokaverkefnið er skylduverkefni, það er stjörnumerkt og tengist einu af hæfnimarkmiðum áfangans.

Mikilvægt er að vera í góðu sambandi við kennarann (aron.haraldsson@borgo.is)

Námsgögn:

Lesefni er inn á INNU, valdir kaflar úr bókunum Vertu Úlfur og Á Eigin Skinni (Hljóðbókasafnið Story Tell).



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	21.-25. ágúst	LOTA 1 Geðheilsa og Geðheilbrigði	
2	28.ágúst -1. sept.	U1: Geðheilsa og Geðheilbrigði	
3	4.-8. sept.	U2: Geðheilsa, geðheilbrigði og geðrækt	Skila verkefni 1
4	11.-15. sept.	U3: Geðrækt - Vinir alla ævi - forvarnaverkefni	Skila verkefni 2
5	18.-22. sept.	U4: Geðrækt - Geðheilbrigði ungs fólks á Íslandi og Geðrækt í framhaldsskólum	
6	25.-29. sept.	U5: Geðrækt aldraðra	
7	2.-6. okt.	U6: Vertu Úlfur (Héðinn Unnsteinsson) (Story tell eða bók – valdir kaflar)	Skila verkefni 3
8	9.-13. okt.	U7: Vertu Úlfur (Héðinn Unnsteinsson) (Story tell eða bók – valdir kaflar) LOTA 2 Læknisfræðilega líkanið og lyfjaáherslan	
9	16.-20. okt	U8: Vertu Úlfur (Héðinn Unnsteinsson) (Story tell eða bók – valdir kaflar)	
10	23.-25. okt.	U9: Á eigin skinni (Sölvi Tryggva) (Story tell eða bók – valdir kaflar)	Skila verkefni 4
11	30. okt. - 3. nóv.	U10: Á eigin skinni (Sölvi Tryggva) (Story tell eða bók – valdir kaflar)	
12	6.-10. nóv.	U11: Greiningar geðraskana – Vangreiningar og ofgreiningar	
13	13.-17. nóv.	U12: Greiningar geðraskana – Vandamál við flokkunarkerfi geðraskana	Skila verkefni 5
14	20.-24. nóv.	U13: Undirbúningur fyrir lokaverkefnið	
15	27. nóv. - 1. des.	LOTA 3 Lokaverkefnið – Samfélagsleg úrræði U14: Spjall um lokaverkefnið.	Lokaverkefnið

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.